

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 16. september 2010 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Jensína Lýðsdóttir og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Endurskipulagning almannavarna í A-Hún

Fyrir fundinum lá bréf Bjarna Stefánssonar sýslumanns þar sem fjallað er um endurskipulagningu almannavarna Húnavatnssýslna. Með bréfinu fylgdu sem viðhengi drög að:

- Skipuriti almannavarna Húnavatnssýslna
- Greinargerð með skipulaginu
- Áhættuskoðun/áhættumati í Húnavatnssýslum.

Í bréfinu gerir sýslumaður að tillögu sinni að heiti almannavarna verði breytt þannig að Almanna- varnanefnd Húnaþings/ Almanna- varnir Húnaþings komi í stað Almanna- varnarnefnd Húnavatnssýslna.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi drög að almanna- varnarskipulagi og drög að samkomulagi um skipan almanna- varnanefndar, aðgerðarstjórnar og vettvangsstjórnar í almanna- vörnum Húnavatnssýslna og samþykkti skipulagið fyrir sitt leyti. Sömu- leiddis gerði sveitarstjórn ekki athugasemd við að nafnbreyting verði gerð á almanna- vörnum skv. tillögu sýslumanns.

2. Regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Fyrir fundinum lá samantekt um helstu niðurstöður starfshóps samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um heildarendurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Tillaga starfshópsins er að öll framlög sjóðsins sem hafa jöfnunartilgang verði sameinuð í eitt jöfnunarframlag en síðan verði gerð grundvallarbreyting á jöfnunarkerfinu.

Sveitarstjórn ræddi samantektina og tillögur starfshópsins og samþykkti eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Skagastrandar telur ekki rétt að ráðast í breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs nema áhrif þeirra verði metin áður á einstök sveitarfélög. Sveitarstjórn beinir því til stjórnar SSNV að hún láti meta áhrif fyrirhugaðra breytingar á sveitarfélög á starfssvæði samtakanna.

3. Deiliskipulag Hólaness

Fyrir fundinum lá áætlun Yngva Þórs Loftssonar skipulagsráðgjafa hjá Landmótun um gerð deiliskipulags Hólanessvæðisins. Í áætluninni er fjallað um skilgreiningu einstakra reita sem ætlunin er að taka til deiliskipulags og hvernig þeir eru afgreiddir í nýju aðalskipulagi sem er í lokaferli til samþykktar. Þá er gerð áætlun um kostnað við gerð deiliskipulagsins.

Sveitarstjórn ræddi málið en ákvað að fresta ákvörðun til næsta fundar og nýta tímann til að yfirfara gögn um málið.

4. Lokun urðunarstaðar

Fyrir fundinum lá kostnaðaráætlun Gunnars Svavarssonar hjá verkfræðistofunni Eflu um gerð áætlunar skv. starfsleyfi um lokun urðunarstaðar á Neðri Harrastöðum. Áætlunin er gerð skv. kröfu Umhverfissráðuneytisins um að sveitarfélagið skili inn áætlun um endanlegan frágang og landnotkun eftir lokun urðunarstaðarins sbr. gr. 1.7 í starfsleyfi. Sveitarstjórn samþykkti að láta vinna áætlunina samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum.

5. Bréf:

a) Fjárlaganefndar Alþingis dags. 8. september 2010

Með bréfinu er fulltrúum sveitarfélaga boðið til viðtals vegna verkefna heima í héraði og boðnir fundardagar 27. og 28. september nk. Umræður urðu um þau málefni sem ástæða þykir til að leggja fyrir fjárlaganefnd.

Bréfið var til kynningar.

b) Velferðarvaktarinnar, dags. 1. september 2010

Með bréfinu er því beint til sveitarstjórna og skólanefnda að huga sérstaklega að líðan barna í upphafi skólaárs. Sérstök áhersla er lögð á fyrri ábendingu Velferðarvaktarinnar um að tryggt verði að öll börn fái hádegisverð alla skóladaga. Bréfið var til kynningar.

c) Svæðisráðs málefna fatlaðra, dags. 18. júní 2010

Með bréfinu er brýnt fyrir sveitarstjórnnum á Norðurlandi vestra og í Fjallabyggð að hagsmunir fatlaðra verði hafðir að leiðarljósi í öllum ákvörðunum sem teknar verði varðandi yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2010.

Bréfið var til kynningar

6. Fundargerðir:

a) 18. ársþings SSNV, 27.-28.08.2010

Fundargerðin var til kynningar.

b) Aðalfundar Menningarráðs Norðurlands vestra, 27.08.2010

Fundargerðin var til kynningar.

c) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 26.08.2010

Fundargerðin var til kynningar.

7. Málefni grunnskólans

Á fundinn mættu Hildur Ingólfssdóttir skólastjóri, Guðjón Ólafsson fræðslustjóri og Birna Sveinsdóttir formaður fræðslunefndar.

Rædd voru ýmis mál sem varða skólann og skólastarfið í upphafi skólaárs.

Skólastjóri gerði m.a. grein fyrir starfsmannahaldi skólans og óskaði eftir auknu starfshlutfalli vegna stuðningsfulltrúa. Erindi skólastjóra var samþykkt.

8. Önnur mál

Oddviti lagði fram svohljóðandi bókun:

Á undanförunum árum hafa orðið miklar framfarir í umhverfis- og umgengnismálum á Skagaströnd. Alltaf má þó gera betur og er enn nokkuð um að ástand sé ekki ásættanlegt. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að taka saman lista yfir þær eignir einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélagsins þar sem útlit og umgengnismál eru aðfinnsluverð. Jafnframt er sveitarstjóri falið að koma með tillögur að leiðum til útbóta.

Bókunin var samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10⁵⁵

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson,

Jensína Lýðsdóttir

Magnús B. Jónsson